

Fundur í fagráði nautgriparæktar 11. apríl 2023

Fundargerð

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 11. apríl 2023 og hófst kl. 13.00.

Mættir: Þórarinn Leifsson, Elín Heiða Valsdóttir, Guðrún Eik Skúladóttir, Egill Gautason, Guðrún Björg Egilsdóttir, Björn S. Gunnarsson, Sigurbjörg Bergsdóttir og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Hermann Ingi Gunnarsson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Ályktanir Búgreinapings nautgripabænda
3. Samþykkti fagráðs
4. Umsóknir í þróunarsjóð nautgriparæktarinnar vor 2023
5. Lokaskýrslur verkefna
6. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Þórarinn Leifsson, formaður fagráðs, setti fund og stýrði honum. Fundargerð síðasta fundar, dags. 11. janúar 2023, samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti. Hann bauð jafnframt Egil Gautason velkominn til starfa sem nýjan stuðningsfulltrúa Lbhí og þakkaði Agli Gunnarssyni fráfarandi fulltrúa Lbhí um leið hans störf.

2. Ályktanir Búgreinapings nautgripabænda.

Fagráði hafa borist eftir taldar ályktanir Búgreinapings nautgripabænda frá Bændasamtökum Íslands.

a. Erfðamengisúrvalið, efling fræðslu.

Búgreinaping Nautgripabænda BÍ, haldið í Reykjavík 22. – 23. febrúar 2023 hvetur RML og fagrád nautgriparæktar til að kynna betur verkefnið erfðamengjaúrval fyrir bændum.

Rökstuðningur: Erfðamengjaúrvalið þarf frekari kynningu hjá bændum til að auka skilning og hvetja til þátttöku við sýnatöku.

Hvernig má framfylgja tillögunni að mati innsendanda: Með fræðslu frá t.d. RML, fundir, umræða, tilkynningar á Huppu o.s.frv.

Þórarinn og Guðmundur fór yfir að nú þegar hefði fræðsla um erfðamengisúrvalið verið aukin en t.d. væri búið að kynna það í vetur á fundum á Vesturlandi, í Skaga- og Eyjafirði og á Suðurlandi. Hins vegar mætti alltaf gera betur og sjálfsagt mál að halda vöku sinni í þeim efnum og slaka hvergi á. Stefnt að kynningu í Bændablaðinu innan tíðar.

b. Skapgerðarmat á kvígum.

Búgreinaping Nautgripabænda BÍ, haldið í Reykjavík 22. – 23. febrúar 2023 beinir því til stjórnar deildar nautgripabænda BÍ að endurskoða matskala fyrir skap á fyrsta kálfs kvígum.

Rökstuðningur: Leiðbeiningar á mati á skapi ná aðeins yfir skap í mjöltum, en taka ekki tillit til skaps í umgengni, en það fylgir ekki alltaf saman, því kvíga getur verið spök og róleg í umgengni en óróleg í mjöltum og öfugt. Það er þá allur gangur á því í hvaða hlutföllum bændur meta þessa skapþætti og ósamræmið í skapeinkunn því verulegt milli búá. Ein leið til að jafna þetta mat gæti verið að taka upp tvo skapeinkunna skala þannig að bændur þurfi að gefa einkunn fyrir skap í mjöltum annars vegar og skap í umgengni hins vegar. Svo er hægt að veita þær einkunnir saman í eina skapeinkunn í þeim hlutföllum sem þykja rétt, á sama hátt og gert er með t.d. einkunn fyrir spena.

Hvernig má framfylgja tillögunni að mati innsendanda: Með því að hvetja fagráð í nautgriparækt til að endurskoða matsskala fyrir skap.

Guðmundur sagði að skap væri eiginleiki sem ávallt yrði erfitt að meta og bera saman þar sem m.a. væri um að ræða 500 dómara þar sem hver og einn bóndi mæti skap sinna gripa. Erlendis væri nú einkum horft til þess að reyna að tengja ákveðna mælanlega þætti við skap kúnna, eins og fjölda ófullkominna mjalta, mætingartíðni og fjölda afsparkana. Hann sagðist telja að við ættum frekar að fylgjast með og huga að þróun í þá átt heldur en að flækja matið enn frekar með tveimur skölum sem væri alls ekki víst að myndu skila neinum upplýsingum til viðbótar. Aðalmálið í þessu sambandi væri að ná að greina hvaða gripir væru gallaðir fremur en að gera greinarmun á góðu og mjög góðu skapi. Menn sammála því að betra sé að horfa til framtíðar þar sem rauntímatengingar við mjaltþjóna yrðu væntanlega raunin innan 1-2 ára.

c. Listi yfir meðalvaxtarhraða bús.

Búgreinaping Nautgripabænda BÍ, haldið í Reykjavík 22. – 23. febrúar 2023 beinir því til RML og fagráðs nautgriparæktar að tekið sé saman skýrsluhald í holdagriparæktuninni og birt með reglulegum hætti líkt og gert er í mjólkurframleiðslunni.

Rökstuðningur: Það væri brýnt fyrir greinina ef framleiðendur gætu borið sig saman við aðra í sömu grein. Þyngsta nautið eða mesti vaxtarhraði einstaklings gefa takmarkaðar upplýsingar. Gott væri að aðgreina Íslendinga og holdagripa í uppgjöri og taka holdakvígur sér líka. Til verði skýrsluhaldslisti yfir holdabú með meðalvaxtarhraða yfir t.d. 450g/dag. Sambærilegt við kúabú með meðalafurðir yfir 5000l/kú. Bú með Íslendinga yfir 350g/dag. Þessi gögn eru öll til í Huppunni og ætti að vera skotaskuld eftir smá forritunarvinnu að sækja þau sjálfvirk.

Hvernig má framfylgja tillögunni að mati innsendanda: Fagráð nautgriparæktar og RML taki ákvörðun og framkvæmi þetta.

Guðmundur sagðist vilja taka undir efni þessarar tillögu og að nú þegar væri farið að huga að sér frekari breytingum á uppgjöri kjötframleiðslunnar. Það væri búið að vera við lýði í nokkur ár og það væri vissulega tímabært að hefja birtingu lista yfir bú með t.d. mestan meðalþunga og/eða mestan vaxtarhraða. Fagráð tekur undir þetta og felur RML að hrinda þessu í framkvæmd.

3. Samþykktir fagráðs.

Farið yfir verklagsreglur fagráðs og samþykktar á þeim breytingar sem eru tilkomnar vegna færslu á umsýslu þróunarsjóðs frá Framleiðnisjóði til matvælaráðuneytis og breytinga á félagskerfi bænda.

4. Umsóknir í þróunarsjóð

Alls bárust 10 umsóknir upp á samtals 22.268.878. en til úthlutunar að þessu sinni eru 46.156.873 kr.

a. **Umsókn nr. 113348 : Málsnúmer ANF-23-03-00310. Bætt uppskeruskráning á korni.**

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Eiríkur Loftsson. Sótt er um kr. 980.000.

Markmið: Að fá betri uppskeruskráningu á korni svo meta megji hagkvæmni kornræktar betur. Að geta greint mismun á ræktunaraðferðum, yrkjavali og áburðarmagni í hagkvæmni kornræktar. Að bæta leiðbeiningar um skráningu á kornuppskeru til að samræma skráningar hjá bændum.

Ávinningur: Megin ávinningur er bætt skráning á uppskeru á heimafengnu korni (sjá nánar í greinargerð). Afurðin verður hluti af skráningum í skýrsluhaldsforritið Jörð.is og þar með í eigu Bændasamtaka Íslands.

Tenging við loftslagsmarkmið: Betri skráning á uppskeru gefur betri tækifæri til þess að meta hagkvæmni kornræktar og stilla betur af nýtingu aðfanga í kornrækt sem skilar sér í minni umhverfisáhrifum og lægra kolefnisspori.

Afgreiðsla: *Fagráð telur að verulegur ávinningur geti falist í betri skráningum á uppskeru korns og telur verkefnið geta styrkt kornrækt á Íslandi. Samþykkt að styrkja verkefnið um allt að kr. 980.000. Guðmundur Jóhannesson tók ekki þátt í afgreiðslu umsóknarinnar.*

b. **Umsókn nr. 113024: Málsnúmer ANF-23-03-00152. NorFor samstarf.**

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Karvel Lindberg Karvelsson. Sótt er um kr. 2.568.545.

Markmið: Frá stofnun RML hefur kostnaður vegna þróunar og aðildar að kerfinu kostað vel á annan tug milljóna og er þá ótalinn kostnaður við fóðuráætlanagerðina sjálfa, markaðsetningu og þjálfun starfsmanna. Sem eignar- og aðildarfyrirtæki að Norfor er fyrirsjáanlegt að reksturinn mun halda áfram að kosta RML líklega sem nemur tveimur til þrem milljónum á ári (fer eftir virkni). Mæð lækkandi framlögum til RML og niðurfellingu búnaðargjalds er varla grundvöllur fyrir því að RML geti eitt borið þennan kostnað. Fóðuráætlanagerð er rekinn af fóðursölum í samkeppni við RML, sú þjónusta á að heita frí og því kostur sem margir bændur velja. Ljóst má þó vera að ráðgjöf RML byggir á grunni norræns samstarfs þar sem aðildarþjóðirnar leggja línurnar í samræmi við þær ströngu kröfur sem gerðar eru á þeim markaðsvæðum. Einnig er Norfor í margskonar alþjóðlegri samvinnu sem ætlað er til að styrkja fóðurmatskerfið enn frekar og koma því á framfæri. Mikil áhersla er lögð á að NorFor fylgi þeim stöðlum sem settir verða vegna kolefnislosun einstakra fóðurtegunda. Kolefnislosun og útreikningar á þeim er tiltölulega ný af nálinni og því mikilvægt að hægt sé að fygjast með þróuninni. Ráðgjöf sem byggir á faglegri undirstöðu og er óháð sölu á annarri afurð er ákveðinn grundvöllur þess að viðhalda fóðrunarþekkingu og tengingu við fóðuröflunina. Þeir bændur sem hafa verið í fóðurráðgjöf hjá RML hafa haft af því mikinn ávinning það höfum við fjölmörg dæmi um. RML vill því halda þessu verkefni áfram, við teljum það mjög mikilvægt fyrir greinina en fyrir því þarf að vera fjárhagslegur grundvöllur. Hlutfall bænda sem notar sér NorFor fóðurmatskerfið með einum eða öðrum hætti er lægst hér á landi af öllum norðurlöndunum. Fyrir því eru eflaust margar ástæður og er það verkefni RML að reyna að ná til bænda með sambærilegum hætti og gert hefur verið á hinum Norðurlöndunum.

Ávinningur: Ávinningur af verkefninu er fyrst og fremst þátttaka í NorFor samstarfinu og aðgangur að því mikilvæga tæki sem Tine OptiFor er við fóðuráætlanagerð. Í gegnum norrænt samtarf höfum við aðgang að nýjustu og bestu þekkingu hverju sinni og erum hluti af þeirri þróun sem á sér stað. Lokaafurðin er ekki eiginleg í eigu neins en tryggir að bændur hafi aðgang að óháðri ráðgjöf um fóðrun sem byggir á nýjustu þekkingu hverju sinni og er aðlöguð að íslenskum aðstæðum.

Tenging við loftslagsmarkmið: Grunnstef NorFor er hagkvæm fóðrun til afurða þar sem unnið er að sem bestri nýtingu aðfanga. Þar að auki er nú verið að vinna að þróa NorFor með hliðsjón af kröfum um minna kolefnisspor í framleiðsluferlinu.

Afgreiðsla Fagráð tekur undir nauðsyn þátttöku í norrænu samstarfi og að ráðgjafar og bændur hafi aðgang að góðu kerfi til fóðuráætlanagerðar. Samþykkt að styrkja verkefnið um allt að kr. 2.568.545 kr.

Guðmundur Jóhannesson tók ekki þátt í afgreiðslu umsóknarinnar.

c. **Umsókn nr. 113370 : Málsnúmer ANF-23-03-00322. Endurmenntun í búfjárdómum holdagripa.**

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Ditte Clausen. Sótt er um kr. 949.000.

Markmið: Meginmarkmið verkefnisins er að svara ákalli holdagripabænda um auknu þekkingu og ráðgjöf í ræktunarstarfi. Markmið ferðarinnar er að efla þekkingu um búfjárdóma á holdagripum af Angus kyni og efla þekkingu um ómmælingar bakvöðva á holdagripum til val á ásetning og skapa grunn að framtíðar ræktunarstarfi holdagripum. Endurmenntunarferðin til Noregs er til þess fallin að innleiða þekkingu Norðmanna á búfjárdómum holdanauta til Íslands. Sjá ítarlegri greinargerð í fylgiskjölum.

Ávinningur: Svara ákalli holdabænda um aukna þekkingu og ráðgjöf í ræktunarstarfi. Efla þekkingu á búfjárdómum á holdagripum af Angus kyni eins og tíðkast annar staðar. Það gerir íslenska Angus-gripi samanburðahæfa þeim norsku og eykur möguleika á bættri kynbótastarfsemi í þessari grein. Aðlaga dómskala sem er notaður erlendis að íslenskum aðstæðum til notkunar við búfjárdómum á íslenskum holdanautum af Angus-kyni. Byrja gagnasöfnun sem nýtist til uppbyggingu af framtíðar ræktunarstarf innan Angus-stofnsins. Efla þekkingu um ómmælingum bakvöðva á holdagripum til val á ásetningi.

Tenging við loftslagsmarkmið: Markviss ræktun endingagóðra gripa með góða fóðurnýtingu, góðan holdvöxt og gott kjöt/bein hlutfall stuðlar að sjálfbærri framleiðslu.

Afgreiðsla: Fagráð telur um áhugavert verkefni að ræða sem stuðlað geti að aukinni hagkvæmni fyrir greinina. Samþykkt að styrkja verkefnið um allt að kr. 949.000.

Guðmundur Jóhannesson tók ekki þátt í afgreiðslu umsóknarinnar.

d. **Umsókn nr. 113014 : Málsnúmer ANF-23-03-00147. Rekstur kúabúa - greining rekstrargagna og eftirfylgni til bænda, framhald.**

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Kristján Óttar Eymundsson. Sótt er um kr. 7.380.000.

Markmið: Markmið verkefnisins er fyrst og fremst að halda áfram hagtölusöfnun og byggja við þann grunn af rekstargögnum sem nú þegar hefur myndast með fyrri verkefnum. Þessi gagnasöfnun nýtist annars vegar fyrir einstaka bændur til að fá yfirlit yfir sinn búrekstur og hvernig best megi bæta hann, hins vegar nýtist það gagnasafn sem byggist upp með verkefninu til þess að greina helstu þætti í framleiðslukostnaði mjólkurframleiðenda og þar með til vöktunar og afkomu greinarinnar.

Ávinningur: Gagnasafn rekstrargagna frá mjólkurframleiðendum, lokaskýrsla sem fer yfir stöðu greinarinnar og skýrslur og ráðgjöf til þátttakenda varðandi stöðu á þeirra búrekstri.

Tenging við loftslagsmarkmið: Með því að greina rekstur kúabúa skapast grundvöllur til að bæta þætti s.s. nýtingu aðfanga sem hafa bein áhrif á kolefnisspor greinarinnar.

Afgreiðsla: *Fagråd álitur afkomuvöktun og hagtolusöfnun mjög mikilvæga og ávinning greinarinnar margþættan. Verkefnið er greininni mjög gagnlegt og því samþykkt að styrkja verkefnið um allt að kr. 7.380.000. Fagråd leggur áherslu á að verkefnið nýtist bændum sérstaklega með eftirfylgni.*

Guðmundur Jóhannesson tók ekki þátt í afgreiðslu umsóknarinnar.

e. **Umsókn nr. 113304 : Málsnúmer ANF-23-03-00292. Huppa.is - Mælaborð.**

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Guðmundur Jóhannesson. Sótt er um kr. 2.325.000.

Markmið: Að gera skýrsluhaldskerfið Huppu að betra bústjórnartæki og þannig tæki í að bæta rekstur kúabænda. Að gera lykiltölur úr skýrsluhaldi sýnilegri og aðgengilegri. Auka not bænda á skýrsluhaldsgögnum við daglega ákvarðanatöku í búrekstri.

Ávinningur: Lifandi mælaborð sem gerir lykiltölur skýrsluhaldsins aðgengilegar fyrir notendur (sjá nánar í greinargerð).

Tenging við loftslagsmarkmið: Betri bústjórn skilar sér í betri nýtingu aðfanga og þar með lægra kolefnisspori og minni umhverfisáhrifum.

Afgreiðsla: *Fagråd tekur undir mikilvægi bústjórnar við rekstur kúabúa og nauðsyn þess að til séu töl og tæki sem auðveldað geta rekstur, daglega ákvarðanatöku og vöktun. Verkefnið er allrar athygli vert og því samþykkt að styrkja það um allt að kr. 2.325.000.*

Guðmundur Jóhannesson tók ekki þátt í afgreiðslu umsóknarinnar.

f. **Umsókn nr. 113004 : Málsnúmer ANF-23-03-00142. Skipulögð yfirsáning grasfræs í tún - leið til að bæta endingu ræktunar?**

Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Jóhannes Kristjánsson. Sótt er um kr. 1.507.000.

Markmið: Markmið verkefnisins er að prófa yfirsáningu í gróin tún á Hvanneyri með illgresisherfi og borið saman við ómeðhöndluð svæði í túninu (Control). Miðað verður við breskar og írskar leiðbeiningar um yfirsáningu og notast verður við yrki af fjölæru rýgresi sem hafa reynst vel við íslenskar aðstæður. Prófaðir verða 2 sáðtímar, um vor fyrir sprettu og síðan eftir 1. Slátt til að sjá hvort að munur er á sáðtíma. Sáð verður í 3 mismunandi stykki og 3 endurtekningar verða innan hvers stykkis. Valin verða stykki sem hafa verið endurunninn innan 5 ára en eru farin að missa hlutfall upphaflegs sáðgresis. Metinn verður árangur yfirsáningar í lok sumars (2023) og í júní árið eftir (2024). Árangur verður metin með uppskerumagni og hlutfalli sáðgresis.

Ávinningur: Mögulega sýnir þessi rannsókn fram á að hægt er að auka framleiðni ræktarlands með litlum tilkostnaði sem leiðir til betri nýtingu aðfanga og aukinnar framleiðni búreksturs. Mikilvægt er fyrir bændur að fá upplýsingar um hvort að yfirsáning skili árangri og ef svo er þá hversu mikill ávinningurinn er. Ætla má að út frá þeim upplýsingum megi skoða kostnað í samhengi við ávinning og á þann hátt greina fýsileika þessarar aðferðar við sáningu í ræktarland.

Tenging við loftslagsmarkmið: Aukin framleiðni lands nýtir betur aðföng. Betri nýting áburðar fæst með betra sáðgresi og meiri uppskera á hektara skilar minni bruna jarðefnaeldsneytis á hvert kg fódurs. Sá möguleiki að seinka hefðbundinni endurræktun hefur einnig jákvæð áhrif á loftlagsmarkmiðin þar sem það dregur úr eldsneytisnotkun. Áætla má að 50-100 lítrar af díselolíu fari í hefðbundna endurvinnslu túna sem felur í sér plægingu, fínvinnslu, jöfnun, sáningu og þjöppum.

Með því að seinka endurvinnslu túna á kúabúum án þess að það komi niður á gæðum eða magni uppskeru má minnka eldsneytisnotkun og þar með losun gróðurhúsalofttegunda.

Afgreiðsla: *Fagráð telur um áhugavert verkefni að ræða en bendir á og spyr hvort með yfirsáningu sé ekki átt við ísáningu. Verði niðurstöður verkefnisins á þá leið að ísáning skili árangri gæti verið um áhugaverða og ábatasama leið fyrir greinina að ræða. Samþykkt að styrkja verkefnið um allt að kr. 966.000, þ.e. 50% af kostnaðaráætlun.*

g. **Umsókn nr. 113498 : Málsnúmer ANF-23-03-00385. Dreifðar byggjarkjatilraunir.**

Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Hrannar Smári Hilmarsson. Sótt er um kr. 3.000.000.

Markmið: Markmið verkefnisins er að bera kennsl á hentug byggjarkjatilraunir til ræktunar á Íslandi í samamburði við kynbótalinur íslenska byggkynbótaverkefnisins. Til þess að ná settum markmiðum verða lagðar út dreifðar byggjarkjatilraunir víðs vegar um landið. Vorið 2023 verða lagðar út tilraunir á fimm stöðum sem hafa ólíka ræktunaraðstæður þar með talið jarðvegsgerð og veðurfar. Staðirnir sem um ræðir eru Skagafjörður, Eyjafjörður, Flóahreppur, Rangárvellir og tvær jarðvegsgerðir á Hvanneyri. Alls sex tilraunir. Hver tilraun verður í þremur endurtekningum með áætlaðar 30 arfgerðir, það eru 90 reitir hver tilraun. Heildarfjöldi reita verður því 540 og hver reitur er 10m² að stærð. Til prófunnar verða þekkt yrki á markaði, kynbótalinur úr kynbótaverkefnum erlendis og nýjustu úrvalskynbótalinur frá fjölgun í Svíþjóð úr íslenska stofninum. Fjöldi arfgerða frá erlendum genbönkum hafa verið í prófunum hjá Jarðræktarmiðstöð Landbúnaðarháskóla Íslands með misgóðum árangri við íslenskar aðstæður. Val á arfgerðum tekur mið af uppskeru, rúmþyngd og svipgerðareiginleikum á borð við brot úr axi og legu. Þær arfgerðir sem hafa komið best út úr prófununum verða notaðar í dreifðar tilraunir sumarið 2023. Fylgst verður með vaxtarferli og þroska plantnanna. Við skurð verður grænka og hæð mæld ásamt því sem sjónrænt mat verður lagt á legu, brot og hruns úr axi. Byggið verður uppskorið með reitaþreskivél í eigu Jarðræktarmiðstöðvar en hún sér um að taka sýni úr hverjum reit ásamt því að vigta uppskeru og hálm. Sýnin verða sett í þurrkofn til þess að mæla þurrefnishlutfall og sýnin svo hreinsuð og rúmþyngd og þúsundkornavigt mæld.

Markmið eru eftirfarandi;

- Framkvæma svipgerðagreiningu og bera saman eiginleika mismunandi arfgerða
- Greina uppskeru og eiginleika korns nýrra úrvalskynbótaarfgerða
- Greina áhrif ólíkra jarðræktaraðstæðna á uppskeru og eiginleika korns
- Greina gæði og tengsl þess við svipgerðir mismunandi byggjarkjarkætaðar við ólíkar aðstæður

Ávinningur: Ávinningur verkefnisins eru bættar upplýsingar til leiðbeininga fyrir bændur sem hyggjast rækta korn. Niðurstöðurnar munu nýtast beint inni kynbótaverkefni byggs við Lbhí og styðja við grunn að erfðamengjaúrvali fyrir verkefnið. Þannig má auka erfðafræðifjölbreytileika byggs sem hægt er að rækta á Íslandi. Sú afurð er í eigu umsækjenda þar sem að aðal ávinningurinn er aukin þekking og reynsla á nýjum arfgerðum sem síðar meir má rækta og rannsaka á komandi árum. Þekking og reynsla nýrra byggjarfgerða er starfsmönnum Jarðræktarmiðstöðvar Landbúnaðarháskóla Íslands mikils virði þar sem að niðurstöður úr yrkjatilraunum skipta sköpum þegar halda á áfram rannsóknum og koma nýrri vöru á markað.

Tenging við loftslagsmarkmið: Verkefnið tengist loftslagsmálum að því leyti að með aukinni innlendri ræktun má koma í veg fyrir innflutning byggs og kjarnfóðurs. Innflutningur byggir á flug- og skipasamgöngum sem losar mikið magn kolefnis út í andrúmsloftið. Innlend ræktun myndi ekki aðeins minnka kolefnisfótspor heldur einnig styrkja atvinnuveg í formi fjölgunar atvinnugreina ásamt því að auka fæðuöryggi í landinu. Með aukinni uppskeru korns á landeiningu minnkar losun gróðurhúsalofttegunda á hvert framleitt kíló korns. Því er það brýnt að auka uppskeru til að mæta loftslagsmarkmiðum.

Afgreiðsla: *Fagráð telur um fróðlegt og nauðsynlegt verkefni að ræða. Samþykkt að styrkja verkefnið um allt að kr. 3.000.000.*

h. **Umsókn nr. 113340 : Málsnúmer ANF-23-03-00305. Jörð.is - Snjalltækjavæðing.**

Umsókn frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri er Borgar Páll Bragason. Sótt er um kr. 1.041.333.

Markmið: Að hægt sé að nota Jörð.is í gegnum snjalltæki.

Ávinningur: Að Jörð.is geti aðlagð sig að hvers konar snjalltækjum (sjá nánar í greinargerð).

Tenging við loftslagsmarkmið: Nei.

Afgreiðsla: *Fagráð telur verkefnið mjög spennandi og að það geti nýst greininni vel. Samþykkt að styrkja verkefnið um kr. 1.041.333 með þeim fyrirvara að sambærileg fjárhæð fái úr öðrum þróunarsjóðum samkvæmt umsókn.*

Guðmundur Jóhannesson tók ekki þátt í afgreiðslu umsóknarinnar.

i. **Umsókn nr. 113318 : Málsnúmer ANF-23-03-00294. Beit mjólkurkúa í mjaltþjónafjóni.**

Umsókn frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefnisstjóri er Ólöf Ósk Guðmundsdóttir. Sótt er um kr. 2.513.000.

Markmið: Sumarið 2022 hlaut styrkur frá Þróunarsjóði nautgripaæktarinnar til þess að fara af stað með rannsókn á áhrifum beitar mjólkurkúa í mjaltþjónafjóni á ýmsa þætti mjólkurframleiðslunnar. Skoðuð voru áhrif skiptibeitar og útiveru á nyt, mætingu í mjaltir og gæði mjólkur í mjaltþjónafjóni. Metið var hversu mikið land þurfi til þess að hafa nógu mikla beit af góðum gæðum fyrir mjólkandi kúr yfir sumarið. Þetta var gert með uppskerumælingum og um leið mæld grashæð með plötumæli. Annað markmið verkefnisins var að mæla áhrif mismikillar kjarnfóðurgjafar með beitinni til að sjá hvort megi spara kjarnfóðurgjöf á beitartímanum. Sumarið 2023 er fyrirhugað að halda áfram með verkefnið. Markmið sumarsins er að safna frekari gögnum og útfæra betur það sem heppnaðist ekki nógu vel sumarið 2022. Einnig stendur til að fylgjast betur með viðveru kúnna með því að setja upp einfalt flokkunarhlíð við útganginn á fjósinu sem les einstaklingsnúmer kúa þegar þær fara inn og út. Þá má meta áhrif tímalengdar á beit á nyt og gæðapætti í mjólk. Notaðar verða aðrar aðferðir við uppskerumælingar og einfaldara og betra beitarSKIPULAG.

Sumarið 2023 er markmið beitarverkefnisins:

- Að uppfæra beitarSKIPULAGIÐ fyrir kúrnar yfir sumarið, hafa það einfaldara en undirbúa það jafnframt betur til þess að fá betri gæði yfir öll tímabil sumarsins.
- Að skrá betur gróffóðurgjöf á fóðurgangi í fjósinu og taka sýni til að meta fóðurgildi þess.
- Að hafa sérstaka kjarnfóðurhópa fyrir kvígur á fyrsta mjaltaskeiði, sambærilega kúahópunum, til þess að sjá hvernig þær svara mismikilli kjarnfóðurgjöf með sumarheit.
- Að skrá og kortleggja ráp og tímalengd hvers grips inn og út úr fjósi.

Ávinningur: Niðurstöður verkefnisins nýtast kúabændum með mjólkurframleiðslu sem munu sjá hvort það að setja kúrnar út á beit hafi áhrif á mjólkurmagn og gæði mjólkurinnar, ásamt því að sjá hvort hægt sé að spara kjarnfóðurgjöf fyrir kúr og kvígur á meðan þær eru á sumarheit. Þær munu einnig nýtast mjaltþjónabændum til að sjá hvort beitin hafi áhrif á mætingu kúa í mjaltþjóninn.

Tenging við loftslagsmarkmið: Verkefnið mun leiða í ljós hvort hægt er að spara notkun á innfluttu kjarnfóðri með góðri sumarheit. Það myndi lækka kolefnisspor þess fóðurs sem kúrnar nýta í mjólkurframleiðsluna. Á beitinni sækja kúrnar einnig fóðrið sjálfar, sem sparar tækjanotkun og jarðefnaeldsneyti til fóðuröflunar að einhverju leyti.

Afgreiðsla: Fagrað telur um gott verkefni fyrir íslenska nautgriparækt að ræða og þakkar fyrir þá samantekt á niðurstöðum fyrra árs sem fylgir umsókn og skoðast sem áfangaskýrsla. Fagrað samþykkir því að styrkja verkefnið um allt að kr. 2.513.000.

5. Lokaskýrslur verkefna.

Á undanförunum mánuðum hafa borist lokaskýrslur nokkurra verkefna sem hlutu styrk úr þróunarsjóði. Hér er birt yfirlit/ágrip/samantekt úr lokaskýrslunum.

„Cow manure mixed with disinfecting/deodorizing additives as fertilizer“. Landbúnaðarháskóli Íslands, Dr.-Ing. Friederike Dima Danneil.

Samantekt

Markmið þessarar tilraunar var að rannsaka áhrif íblöndunarefna á skammtíma áburðargildi kúamykju. Prófuð voru þrjú mismunandi sótthreinsunarefni sem blanda á í kúamykju til að draga úr lyktarmengun í fjósum og auka flot mykjunnar og um leið tapi á rokgjörnu nitri (mest NH_3 en einnig N_2O). Virkir hlutar þessara sótthreinsunarefna eru álsíliköt og önnur ólfræn eða lífræn efnasambönd sem drepa bakteríur sem valda losun á koltvísýringi (CO_2), metani (CH_4), nituroxíði (N_2O) og ammoníaki (NH_3). Við prófuðum sótthreinsunarefni sem voru fáanlegar á markaði fyrir mykju hér á landi; Viscolight (álsíliköt), Haugmelta XLG (örverur) og Nova Optimizer (álsíliköt) á áhrifum þeirra á áburðargildi kúamykju. Þessum efnum var blandað í kúamykju samkvæmt ráðleggingum framleiðenda. Mykjublöndunum var dreift skipulega á valda tilraunareiti í gömlu túni á Hvanneyri 18. maí 2022. Að auki var til samanburðar borin á brennisteinssýrublönduð (HSO_4) kúamykja, hrein kúamykja eða N-PK tilbúnum áburði í þremur mismunandi skömmtum. Þá voru einnig viðmiðunarreitir sem fengu engan áburð. Þurrefnisuppskeran var mæld í þremur sláttum og sýni tekin til að mæla efnainnihald. Einnig voru tekin jarðvegssýni um haustið og þau efnagreind.

Markmiðið var að svara eftirfarandi rannsóknaspurningum:

- Eykur íblönduð mykja til skemmri tíma heyuppskeru í tünnum samanborið við ómeðhöndlaða/sýrða kúamykju eða tilbúinn N-P-K áburð?
Svar: Enginn tölfræðilegur marktækur munur var í þurrefnisuppskeru milli reita sem fengu íblandaða mykju eða hreina mykju. Aðeins stærsti skammtur N-P-K í tilbúnum áburði gaf heldur meiri þurrefnisuppskeru en aðrar meðferðir. Engu að síður raðaðist uppskeran lægst í viðmiðunarreitum og reitum sem fengu hreina mykju.
- Eykst næringarefnainnihald í uppskerunni við það að bæta sótthreinsunarefnum í kúamykju samanborið við ómeðhöndlaða/sýrðra kúamykju og tilbúinn áburð?
Í fyrsta slætti var prótein-, fosfór-, magnesíum- og brennisteinsinnihald uppskerunnar hærra í reitum sem fengu tilbúinn áburð í samanburði við mykjureiti en kalíinnihaldið var hins vegar hæst í reitum sem fengu bara mykju. Enginn munur var á milli íblöndunarefnanna. Í öðrum slætti var enginn marktækur munur í efnainnihaldi á milli meðferðaliða.
- Hefur mykja einhver áhrif á magn næringarefna í jarðvegi að hausti samanborið við ómeðhöndlaða/sýrða kúamykju og tilbúinn áburð?
Enginn marktækur munur mældist í magni næringarefna, sýrustigi eða rúmpýngd á milli meðferðaliða.

Sýrustig (pH) reitanna var á milli 4,8 og 5,1 sem er lægra en búist var við. Í ljós kom þegar túnið grænkaði um vorið að það var ekki eins einsleitt og búist var við. Það kom skýrast fram í gróðurfari sem var mjög breytilegt innan tilraunarinnar og á milli reita sem olli því að tilraunaskekkjan var mjög há.

Þessi skekkja veldur því að erfiðara er á fá tölfræðilega marktækan mun milli meðferða. Æskilegt væri að endurbæta og endurtaka tilraunina í öðru landi sem er einsleitara.

6. Önnur mál.

Rætt um stöðu mála var app til skráninga á sæðingum. Komið hefur í ljós að danska appið væri of kostnaðarsamt og vinnufrekt að innleiða héraendis þannig að leitað verður til Mtech í Finnlandi með tilboð að lokinni uppfærslu á kröfulýsingu.

Rætt um hvenær er tímabært að setja ný naut í notkun. Ákveðið að Guðmundur taki saman tímaplan út frá þeim fjölda nauta sem vænlegir eru til notkunar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Elín Heiða Valsdóttir
(sign.)

Guðrún Eik Skúladóttir
(sign.)

Björn S. Gunnarsson
(sign.)

Guðrún Björg Egilsdóttir
(sign.)

Egill Gautason
(sign.)

Sigurbjörg Bergsdóttir
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 11. janúar 2023
2. Umsóknir í þróunarsjóð
3. Ályktanir frá búgreinaþingi
4. Verklagsreglur fagraðs
5. Lokaskýrslur verkefna